

Þriðjudaginn 22. maí 1990.

Nr. 73/1988. **Jón Laxdal**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka h/f

(Þórður Gunnarsson hrl.).

Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1988 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1988 fjárnámssgerð, er fram fór í fógetarétti Þingeyjarsýslu 7. ágúst 1987. Þá hefur áfrýjandi enn fremur og að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júní 1988 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1988 áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. lög nr. 120/1989, hefur Íslandsbanki h/f tekið við aðild máls þessa af Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. auglýsingu í 8. tbl. Lögbirtingablaðs 1990.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða áritun verði úr gildi felld og málinu vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að meðtöldum virðisaukaskatti og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar sem í aðalkröfu. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði „verulega og stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þá felldur niður“. Loks krefst áfrýjandi þess, að hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð verði hrundið og hún úr gildi felld og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu á sama hátt og í aðalkröfu.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest með

þeirri breytingu á kröfu samkvæmt áskorunarstefnu, að 3,75% mánaðarvextir af 39.460,60 krónum reiknist frá „10.09.1985 til 10.10.1985 en ekki frá 10.09.1985 til 10.01. s.á. eins og misritast hefur í stefnunni“. Hann krefst staðfestingar fjárnámsgerðarinnar með sömu breytingu. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Hinn 1. júní 1987 gaf Árni Pálsson héraðsdómslögmaður út áskorunarstefnu og gerði kunnugt, að hann þyrfti fyrir hönd Iðnaðarbanka Íslands h/f að höfða mál fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur Halldóri Kristinssyni „skiptaráðanda f.h. Kaupfélags Svalbarðseyrar“, Tryggva Stefánssyni áfrýjanda og Inga Þ. Ingimarssyni til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 2.339.832,90 krónur og vöxtum sem hér segir: „3.75% mán.v. af kr. 39.460.60 frá 10.09.1985 til 10.01. s.á., af kr. 79.642.90 frá þ.d. til 10.11. s.á., af kr. 120.794.- frá þ.d. til 10.01.1986, af kr. 205.783.90 frá þ.d. til 10.02. s.á., af kr. 249.482.90 frá þ.d. til 01.03. s.á., 2.75% mán.v. frá þ.d. til 10.03. s.á., af kr. 294.027.80 frá þ.d. til 01.04. s.á., 2.25% mán.v. frá þ.d. til 10.04. s.á., af kr. 338.324.40 frá þ.d. til 10.05. s.á., af kr. 382.683 frá þ.d. til 10.06. s.á., af kr. 427.379.60 frá þ.d. til 10.07. s.á., af kr. 472.380 frá þ.d. til 10.08. s.á., af kr. 517.497.10 frá þ.d. til 10.09. s.á., af kr. 562.881.70 frá þ.d. til 10.10. s.á., af kr. 608.804.40 frá þ.d. til 10.11. s.á., af kr. 654.805.60 frá þ.d. til 10.12. s.á., af kr. 701.855.20 frá þ.d. til 10.01.87, af kr. 750.480.60 frá þ.d. til 10.02. s.á., af kr. 799.871.10 frá þ.d. til 01.03. s.á., 2.5% mán.v. frá þ.d. til 10.03. s.á., af kr. 850.262.70 frá þ.d. til 10.04. s.á., af kr. 901.510.30 frá þ.d. til 10.05. s.á. og af kr. 2.339.832.90 frá þ.d. til greiðsludags.“ Ennfremur var gerð krafa um 532 krónur í bankakostnað og málskostnað samkvæmt reikningi. Tekið var fram, að í vaxtakröfu fælist krafa um vaxtavexti þannig, að vextir legðust við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1986, og reiknuðust af „þannig hækkandi höfuðstól til greiðsludags“.

Málsatvikum og málsástæðum er þannig lýst í stefnu:

„Hin umstefnda skuld er samkv. skuldabréfi að fjárh. upphafli kr. 1.500.000 útg. 19.12.1984 af Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Skuldina átti að endurgreiða með 60 afb. á 1 mán. fresti í fyrsta skipti

10.02.1985. 7 afborganir voru greiddar. Stefndu Tryggvi, Jón og Ingi tókust á hendur sjálfskuldarabyrgð á láninu. Skuldin sundurliðast þannig:

10.09.85	25.000	grv. 7.132.80	vt. 7.299.30	k. 28.50
10.10.85	25.000	” 7.150.70	” 8.003.10	” 28.50
10.11.85	25.000	” 7.207.10	” 8.915.50	” 28.50
10.12.85	25.000	” 7.261.30	” 9.854.00	” 28.50
10.01.86	25.000	” 7.259.70	” 10.557.90	” 28.50
10.02.86	25.000	” 7.278.40	” 11.392.10	” 28.50
10.03.86	25.000	” 7.290.10	” 12.226.30	” 28.50
10.04.86	25.000	” 7.120.00	” 12.148.10	” 28.50
10.05.86	25.000	” 6.999.50	” 12.330.60	” 28.50
10.06.86	25.000	” 6.920.40	” 12.747.70	” 28.50
10.07.86	25.000	” 6.833.20	” 13.138.70	” 28.50
10.08.86	25.000	” 6.715.30	” 13.373.30	” 28.50
10.09.86	25.000	” 6.617.80	” 13.738.30	” 28.50
10.10.86	25.000	” 6.556.30	” 14.337.90	” 28.50
10.11.86	25.000	” 6.426.30	” 14.546.40	” 28.50
10.12.86	25.000	” 6.823.00	” 15.198.10	” 28.50
10.01.87	25.000	” 7.799.20	” 15.797.70	” 28.50
10.02.87	25.000	” 7.803.80	” 16.553.70	” 33.00
10.03.87	25.000	” 8.283.50	” 17.075.10	” 33.00
10.04.87	25.000	” 8.383.50	” 17.831.10	” 33.00
10.05.87	25.000	” 8.519.00	” 18.326.40	” 33.00

Eftirstöðvar skuldabréfsins kr. 1.386.444.20 eru gjaldfelldar í samræmi við ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Stefnufjárhæðin er því alls kr. 2.339.832.90.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og er stefnandi því knúinn til að innheimta hana með dómi. Með úrskurði uppkveðnum 28.08.1986 var Kaupfélag Svalbarðseyrar lýst gjaldþrota og er því Halldóri Kristinssyni skiptaráðanda stefnt.“

Í áskorunarstefnunni segir enn fremur:

„LAGARÖK: Stefnandi byggir kröfur sínar á: Mál þetta er rekið sem áskorunarmál samkv. l. nr. 49/1968, sbr. l. nr. 97/1978.

SÖNNUNARGÖGN: Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram: Skuldabréf.“

Loks segir í stefnunni, að málið verði „þingfest á bæjarþingi Akureyrar Hafnarstr. 107 Aey. 25.06.1987 kl. 13.30.“

Áskorunarmálið var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987, sem haldið var af Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni héraðsdómara, með svofelldri bókun:

„Fyrir var tekið:

Mál nr. 499/1987:

Iðnaðarbanki Íslands h.f.

gegn

Kaupfélagi Svalbarðseyrar.

Fyrir stefnanda sækir þing Árni Pálsson hdl. og leggur fram:

Nr. 1, áskorunarstefnu.

Nr. 2, skuldabréf, útg. 19.12.1984.

Nr. 3, málskostnaðarreikning.

Svohljóðandi:

Hann krefst áritunar um aðfararhæfi.

Af hálfu stefnda er ekki sótt þing.

Málið er tekið til áritunar.“

Málinu lauk sama dag með því að héraðsdómarinn áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 201.838 í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar á hendur stefndu öðrum en þb. Kf. Svalbarðseyrar.“

II.

Áskorunarstefna í máli þessu var ekki birt skiptaráðanda f.h. þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og málið því hvorki höfðað gegn kaupfélaginu né þrotabúi þess. Bókun við þingfestingu málsins gefur hins vegar til kynna, að það hafi verið þingfest á hendur „Kaupfélagi Svalbarðseyrar“ einu. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómarans, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, var hins vegar „fallið frá kröfum á hendur þrotabúinu“ við þingfestingu málsins og athugasemd þess efnis rituð á möppu þá, sem skjöl málsins eru í, án þess að skráð væri í þingbók.

Framangreint skuldabréf var lagt fram á bæjarþinginu. Sam-

kvæmt áritunum á bakhlið þess var síðast greitt af því 5. september 1985. Voru þá greiddir vextir til 10. ágúst 1985. Eftirstöðvar skuldabréfsins eru tilgreindar 1.663.503,70 krónur.

Samkvæmt áskorunarstefnu er stefnufjárhæð máls þessa 2.339.832,90 krónur. Af stefnunni verður ekki ráðið, hvernig sú fjárhæð er ákvörðuð. Engin skýring kemur fram á ósamræmi milli þeirrar fjárhæðar, sem rituð hefur verið á skuldabréfið um eftirstöðvar þess, og þeirrar fjárhæðar, sem tilgreind er í áskorunarstefnu sem eftirstöðvar skuldabréfsins. Engar skýringar eru á skammstöfunum í áskorunarstefnu. Fyrir Hæstarétti kom fram, að „grv.“ stæði fyrir grunnvexti, „vt.“ fyrir vísitöluhækkun og „k.“ fyrir bankakostnað. Vaxtafótar og vísitölu er ekki getið. Skýring bankakostnaðar kemur ekki fram.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, var málatalbúnaði Iðnaðarbanka Íslands h/f í héraði svo áfátt, að efnisdómi mátti ekki á málið ljúka. Samkvæmt 12. gr. laga um áskorunarmál nr. 97/1978, sem í gildi voru, er málið var höfðað, bar héraðsdómara því að vísa málinu frá dómi. Þar við bætist, að meðferð málsins á bæjarþinginu var aðfinnsluverð. Verður því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er varðar áfrýjanda og vísa máli þessu að því leyti frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði. Þeirri fullyrðingu áfrýjanda, að aðild hans að máli þessu tengist ekki búrekstri hans, hefur ekki verið andmælt, og er því við ákvörðun málskostnaðar litið til virðisaukaskatts, sem lögmanni hans ber að krefja hann um. Dráttarvextir á málskostnað verða ekki dæmdir.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun er úr gildi felld, að því er varðar áfrýjanda, Jón Laxdal, og máli þessu að því leyti vísað frá bæjarþingi Akureyrar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Íslandsbanki h/f, greiði áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.